

Stjórnarfundur UMSB

03.06.2014 – kl. 20.00

Skrifstofa UMSB í Borgarnesi

Mættir: Sigurður Guðmundsson, Aðalsteinn Símonarson, Sólrún Halla Bjarnadóttir, Pálmi Blængsson og Ásgeir Ásgeirsson.

1. Sambandsstjóri setur fundinn
2. Formaður ber undir atkvæði fundargerðir síðustu tveggja stjórnarfundna

Samþykkt samhljóða og varasambandsstjóri skrifaði undir fundargerðirnar, þar sem hann sat fundina í fjarveru sambandsstjóra.

3. Verkefni í gangi

- a) Viðræður við Hvalfjarðarsveit og Skorradalshrepp:

Pálmi las upp bréf frá Laufeyju Jóhannsdóttur sveitarstjóra Hvalfjarðarsveitar. Tekið var vel í erindið og sveitastjórn Hvalfjarðarsveitar boðar sambandsstjórn UMSB á fund ásamt stjórn Ungmenna – og íþróttafélags Hvalfjarðarsveitar. Framkvæmdastjóri og stjórn UMSB sendir boð til Skorradalshrepps um viðræður þegar ný hreppsnefnd hefur tekið til starfa. Farið verður á fund með sveitastjórn Hvalfjarðarsveitar og stjórn Ungmenna – og íþróttafélags Hvalfjarðarsveitar þegar við fáum fundarboð.

- b) Íþrótt- og tómstundaskólinn:

Ákveðið var á fræðslunefndarfundum í dag að auglýsa mætti eftir stjórnanda fyrir íþrótt- og tómstundaskólann í 100 % stöðugildi og hann myndi einnig sjá um yfirumsjón Félagsmiðstöðvanna. Þessi starfsmaður yrði undir UMSB í samstarfi við Borgarbyggð. Stjórn UMSB tekur vel í hugmyndina um samstarfssamning við Borgarbyggð varðandi starfsmann fyrir íþrótt- og tómstundaskólann. Stjórn UMSB leggur áherslu á að samningurinn við Borgarbyggð verði unninn hratt og örugglega.

- c) Landsmótið okkar 2016, tjaldstæðamál o.fl.

Pálmi fékk lista frá Ómari Braga, framkvæmdastjóra Landsmóta um hvað þarf að vera klárt fyrir Unglingalandsmótið 2016. Pálma falið að ýta á eftir því að fá samþykkt frá sveitastjórn Borgarbyggðar að mega nýta Kárastaði fyrir tjaldstæði, þannig að hægt sé að fara að planta trjám og gera snyrtilegt.

d) Úthlutun starfsstyrkja og skil á starfsskýrslum í Felix:

Pálmi sagði frá því að ÍSÍ hefði sett keppnisbann á þau félög sem voru ekki búin að skila starfsskýrslum. Þrjú félög hjá okkur sem fóru í keppnisbann: Golfklúbbur Borgarnes, Golfklúbbur Húsafells og Umf. Björn Hítðælakappi. Það segir í lögum okkar að þau félög sem ekki skila starfsskýrslu til ÍSÍ fyrir 15. Apríl fái ekki lottópeninga. Stjórn UMSB ætlar að minna formenn aðildarfélaganna á formannafundi 5. júní að skila starfsskýrslum til ÍSÍ á réttum tíma.

e) Formannafundur 5. Júní kl. 20 í Brákarey:

Pálmi fór yfir dagskrá formannafundarins sem haldinn verður í húsnæði Skotfélags Vesturlands í Brákarey.

f) Peningagjöf til UMSB frá Eiríki Ingólfssyni:

Eiríkur Ingólfsson varð sjötugur í apríl og var með bauk í afmælinu. Hann ætlar að gefa UMSB allt sem var í bauknum til þess að sambandið geti keypt eitthvað sem vantar. Stjórn UMSB og framkvæmdastjóri ætla að leggja höfuðið í bleyti hvar þetta myndi nýtast sem best. Stjórn UMSB vill koma innilegu þakklæti til Eiríks Ingólfssonar fyrir þessa rausnalegu gjöf.

4. Umsögn laganefndar UMFÍ vegna laga UMSB

Pálmi les upp umsögn frá laganefnd UMFÍ um að þeir geri engar athugasemdir um lög UMSB.

5. Umsókn um inngöngu í UMSB – Dansíþróttafélag Borgarbyggðar

Eva Karen sækir um inngöngu í UMSB fyrir Dansíþróttafélag Borgarbyggðar og rætt var um lög Dansíþróttafélags Borgarbyggðar sem lögð voru til grundvallar með umsókninni. Stjórn UMSB telur lög Dansíþróttafélags Borgarbyggðar ófullnægjandi og ekki hægt að taka afstöðu til umsóknar að svo stöddu. Framkvæmdastjóra falið að svara umsókninni formlega.

6. Önnur mál

a) Efnahags – og viðskiptanefnd Alþingis sendir tillögu til þingsályktunnar til UMFÍ um endurskoðun virðisaukaskatts til íþróttahreyfingarinnar.

- b) Ásgeir er ósáttur við að farið var út frá skipulögðu plani með fundarstaði fyrir stjórnarfundum. Þegar fólk tekur að sér fundarstaði þá þurfi þau að passa að það gangi upp.
- c) Pálmi mælir með að hver stjórnarmeðlimur máti eina UMSB treyju sem sambandið muni greiða fyrir. Tekið vel í þetta og ákveðið að máta á næsta stjórnarfundum
- d) Bjarki Pétursson golfari er að búa til styrktarmót fyrir sig og biður UMSB að styrkja sig. Pálmi fær heimild upp á 50.000 kr. fyrir styrktarmótið.
- e) Á fundi vegna vinnuskóla var ákveðið að greiða afreksmannalaun til þeirra krakka sem eru að sinna íþrótt eða áhugamáli á afreksmannaplani. Þá fá þau greitt eins og fyrir þann tíma sem þau myndu vera í vinnuskólanum.
- f) Hægt er að sækja um styrk til Borgarbyggðar ef farið er í landsliðsferðir, að upphæð 25.000 kr. Pálmi ræðir við Ásthildi fræðslustjóra um að UMSB taki við umsóknum varðandi landsliðsferðir.
- g) Pálmi ætlar að finna einhvern í Unglingalandsmótnefnd til þess að vera með Sigríði Bjarnadóttur. Nefndin sér um að hvetja fólk og krakka á Unglingalandsmót 2014 á Sauðárkróki.
- h) Pálmi sagði frá þeim sem sóttu í Fræðslu – og verkefnasjóð UMFÍ, þremur aðildarfélögum hafnað en Frjálsíþróttafélag Borgarfjarðar fékk styrk til að halda Frjálsíþróttaskóla í Borgarnesi í lok júní.

7. Næsti stjórnarfundur

Fundur sem á að vera 1. Júlí kl. 20 í Borgarnesi samkvæmt dagskrá verður haldinn í Reykholti þennan sama dag.

Fundi slitið kl. 22
Fundargerð ritaði Sólrún Halla Bjarnadóttir.